



BLÁSKÓGABYGGÐ

Persónuverndarstefna Bláskógabyggðar

Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Félagsheimilinu Aratungu, 806 Selfossi er sveitarfélag sem lýtur sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélaginu er stjórnað af sveitarstjórn sem kosin er í lýðræðislegum kosningum. Hlutverk sveitarfélagsins er að annast verkefni sem lög kveða á um, vinna að velferðarmálum íbúa og hverjum þeim verkefnum er varða íbúa sveitarfélagsins sem ekki er falin öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélagið hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem sveitarfélagið og allar undirstofnanir þess vinna með. Á þeim grundvelli hefur Bláskógabyggð sett sér persónuverndarstefnu í samræmi ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr. Tilgangur og gildissvið

Bláskógabyggð leitast í hvívetna við að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (vísað til sem *persónuverndarlaga*). Þess skal gætt að öll vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við ákvæði ofangreindra laga.

Með stefnunni leggur sveitarfélagið áherslu á mikilvægi persónuverndar við alla vinnslu gagna er hafa að geyma persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í lögum nr. 90/2018.

Persónuverndarstefnan tekur til allrar vinnslu persónuupplýsinga í allri starfsemi á vegum Bláskógabyggðar og stofnana, þ.m.t. vinnslu og meðferðar allra starfsmanna, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna á vegum sveitarfélagsins á persónuupplýsingum. Stefnan gildir einnig þegar þriðja aðila hafa verið falin verkefni á vegum sveitarfélagsins.

2. gr. Persónuupplýsingar og vinnsla þeirra

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, flokkun, varðveisla, breyting, skoðun, aðgangstakmörkun og eyðing.

3. gr. Hvernig sveitarfélagið vinnur persónuupplýsingar

Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í skýrum tilgangi og er byggð á grundvelli persónuverndarlaga, upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og öðrum lögum sem eiga við um starfsemi sveitarfélagsins. Ekki er unnið með persónuupplýsingar þannig að vinnsla þeirra sé ósamrýmanleg upprunalegum tilgangi vinnslunnar. Ekki er gengið lengra í

vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur. Sveitarfélagið getur nýtt sér upplýsingar til ópersónugreinanlegrar tölfræðivinnslu í því skini að auka skilvirkni, bæta þjónustu og hagkvæmni.

Unnið er með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga og fær starfsfólk sveitarfélagsins og stofnana þess fræðslu um hvernig umgangast skal slíkar upplýsingar.

4. gr. Söfnun persónuupplýsinga

Við lögbundna þjónustu sveitarfélagsins safnast óhjákvæmilega ýmsar persónuupplýsingar um einstaklinga og getur vinnsla þessara upplýsinga verið nauðsynleg svo sveitarfélagið geti veitt þessa þjónustu.

Sveitarfélagið vinnur með og safnar upplýsingum um: Íbúa, þjónustuþega, umsækjendur, styrkþega og aðra skjólstæðinga þess, nemendur leik- og grunnskóla og foreldra/forráðamenn þeirra, starfsfólk sveitarfélagsins, einstaklinga sem eru í samskiptum við sveitarfélagið sem og tengiliði þ.e. viðskiptamenn, birgja, verktaka, ráðgjafa, stofnanir og aðra lögaðila sem sveitarfélagið er í samningssambandi við.

5 gr. Vinnsluskrá

Sveitarfélagið heldur vinnsluskrá og vinnsla persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess er skilgreind nánar í vinnsluskrá. Vinnsla persónuupplýsinga og -gagna er hluti af lögbundinni þjónustu sem sveitarfélagið veitir eða hefur ákveðið að veita og byggir hún á lögum, upplýstu samþykki þess skráða eða á öðrum heimildum.

6. gr. Eðli persónuupplýsinga sem sveitarfélagið safnar

Bláskógabyggð safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um einstaklinga, en eingöngu upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna þeirrar vinnslu sem fer fram á vegum sveitarfélagsins. Ólíkum persónuupplýsingum er safnað um ólíka hópa einstaklinga og fer vinnsla þessara upplýsinga eftir eðli sambands á milli sveitarfélagsins og viðkomandi einstaklings. Umfangsmeiri upplýsingum er t.d. safnað um íbúa sveitarfélagsins, starfsmenn þess og nemendur í skólum heldur en aðra.

7. Viðkvæmar persónuupplýsingar

Sveitarfélagið safnar viðkvæmum persónuupplýsingum t.d. við veitingu félagsþjónustu, barnavernd, í skólastarfi og vegna starfsmannamála. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru upplýsingar um heilsufar, kynhneigð, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi, þjóðernislegan uppruni o.fl. Sveitarfélagið hefur sérstaka aðgát við vinnslu þessara upplýsinga með hliðsjón af ákvæðum 11. gr. persónuverndarlaganna. Upplýsinganna er að mestu aflað beint frá þeim einstaklingi er upplýsingarnar varða eða foreldrum/forsjáraðillum. Tiltekinna upplýsinga er aflað frá þriðja aðila t.d. Þjóðskrá, heilbrigðisstofnunum o.s.frv. Sveitarfélagið mun leitast við að upplýsa um slíkt eftir því sem við á hverju sinni. Magn og eðli persónuupplýsinganna byggir á sambandi sveitarfélagsins og þess aðila sem um ræðir.

Einstaklingum er valkvætt að veita persónuupplýsingar. Ef persónuupplýsingar eru ekki veittar getur það haft áhrif á þá þjónustu sem sveitarfélagið getur veitt.

8. gr. Grundvöllur fyrir söfnun persónuupplýsinga

Grundvöllur sveitarfélagsins fyrir söfnun persónuupplýsinga er að uppfylla þær skyldur sem hvíla á sveitarfélaginu á grundvelli laga um rekstur og þjónustu sveitarfélaga og stofnana þeirra og vegna beitingu á því opinbera valdi sem sveitarfélagið fer með. Þá safnar sveitarfélagið einnig persónuupplýsingum vegna samningssambands sem sveitarfélagið er í, t.d. við starfsfólk eða viðsemjendur eða til að koma slíku sambandi á. Þá getur vinnsla jafnframt byggt á samþykki hinna skráðu, s.s. vegna myndbirtinga í skólum og leikskólum, á lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins s.s. lögbundinnar þjónustu þess eða vegna eftirlits með eignum sveitarfélagsins eða í öryggisskyni.

Til að vinnsla á persónuupplýsingum teljist lögmæt þarf minnst eitt eftirfarandi atriði að eiga við, þ.e. að hinn skráði hafi gefið sveitarfélaginu samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga, vinnslan sé nauðsynleg vegna samningssambands sveitarfélagsins við tiltekinn aðila, vinnslan verndi brýna hagsmuni einstaklinga, vinnslan sé vegna lögmætra hagsmuna sveitarfélagsins eða að vinnsla persónuupplýsinga sé nauðsynleg vegna lögbundinna skyldna sem hvíla á sveitarfélaginu vegna starfsemi þess og reksturs.

9. gr. Varðveislutími

Bláskógabyggð er afhendingarskyld um skjöl sín á Héraðsskjalasafn Árnesinga samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Í samræmi við 24. gr. laga nr. 77/2014 er Bláskógabyggð óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. þeirra laga nema það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar. Skjöl Bláskógabyggðar og stofnana eru afhent á Héraðsskjalasafn Árnesinga í samræmi við samkomulag þar um en að jafnaði ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

10. gr. Öryggi persónuupplýsinga

Sveitarfélagið notar viðeigandi tækni- og öryggisráðstafanir til þess að persónuupplýsingar séu tryggðar í samræmi við lög nr. 90/2018. Þessar öryggisráðstafanir fela m.a. í sér aðgangstakmarkanir starfsmanna að upplýsingum í samræmi við starfsskyldur o.s.frv. Þessum ráðstöfunum er ætlað að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar glatist eða breytist fyrir slysi, hindra óleyfilegan aðgang, afritun og miðlun þessara upplýsinga.

Þá kemur sveitarfélagið að skipulegri þjálfun og fræðslu starfsmanna um hvernig gæta skal að öryggi persónuupplýsinga.

Komi upp öryggisbrestur er varðar persónuupplýsingar einstaklinga og hefur í för með sér áhættu mun persónuverndarfulltrúi tilkynna það. Til er verkferill sem segir til um hvernig bregðast skal við öryggisbresti.

11. gr. Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Bláskógabyggð kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Sveitarfélagið miðlar persónuupplýsingum til þriðja aðila sem ráðnir eru af sveitarfélaginu til að

vinna fyrir fram ákveðin verkefni, s.s. þjónustuveitendur á sviði upplýsingatækni og afritunar. Gerðir eru vinnslusamningar við þriðja aðila vegna þessarar vinnslu. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldur þriðja aðila til að fylgja fyrirmælum sveitarfélagsins um vinnslu persónuupplýsinga og er þriðja aðila með öllu óheimilt að nýta persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en kemur fram í vinnslusamningi.

Sveitarfélagið gerir þær kröfur til þriðja aðila sem aðgang hefur að persónuupplýsingum að fyllsta trúnaðar sé gætt. Að öðrum kosti mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila. Í þessu sambandi vísast bæði til persónuverndarlaga, reglugerða og verklagsreglna sveitarfélagsins þar um. Kveða skal á um varðveislu og vistun persónuupplýsinga af hálfu þriðja aðila í þeim vinnslusamningum sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarfélaginu kann að vera skylt að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar samkvæmt lögum.

Bláskógabyggð mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema heimild til slíks sé á grundvelli laga nr. 90/2018.

12. gr. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingur hefur rétt á því að vita hvaða persónuupplýsingar sveitarfélagið vinnur um hann og getur eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingum. Þá getur einstaklingur fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar. Eyðing persónuupplýsinga sem falla undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er aðeins heimil á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar.

Einstaklingur getur í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Óski einstaklingur eftir því að persónuupplýsingar hans séu sendar til annars aðila, t.d. annars sveitarfélags, á sá hinn sami einnig rétt á því að fá þær persónuupplýsingar afhentar eða þeim komið til þriðja aðila með öðrum öruggum hætti.

Vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum getur í sumum tilfellum byggt á samþykki einstaklings. Sá sem samþykkir/heimilar vinnslu getur ávallt afturkallað samþykki sitt. Sveitarfélagið virðir réttindi einstaklinga í samræmi við persónuverndarlög. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturköllun sbr. 3. mgr. 10 gr. persónuverndarlaganna.

Leitast verður við að svara öllum beiðnum við fyrsta hentugleika sbr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um málshraða. Sé beiðni umfangsmikil eða flókin og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla máls muni tefjast skal skýra frá því og upplýsa um ástæður tafa.

Beiðni skal senda til viðeigandi stofnunar sveitarfélagsins sem og persónuverndarfulltrúa.

13. gr. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Sveitarstjórn ber ábyrgð á stefnu sveitarfélagsins um persónuvernd og endurskoðun hennar.

Ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram innan sveitarfélagsins er mismunandi eftir því hvort vinnsla með persónuupplýsingar á sér stað á vegum eða í þágu sveitarstjórnarskrifstofu,

grunn- eða leikskóla. Þannig er t.d. grunnskólinn ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem þar eru unnar.

14. gr. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi Bláskógabyggðar hefur umsjón með persónuverndarstefnu sveitarfélagsins. Persónuverndarfulltrúi leiðbeinir starfsmönnum og kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins um skyldur sínar samkvæmt lögum.

Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa eru:

Þorsteinn Tryggvi Másson
Héraðsskjalasafn Árnesinga
Austurvegi 2, 800 Selfoss
thorsteinn@heradsskjalasafn.is
Sími 182 1259

Eða

Bláskógabyggð
Félagsheimilið Aratunga, 806 Selfossi
blaskogabyggd@blaskogabyggd.is

15. gr. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingur spurningar um persónuverndarstefnu sveitarfélagsins eða vinnslu persónuupplýsinga er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Bláskógabyggðar sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt lögum.

Telji einstaklingur vinnslu sveitarfélagsins á persónuupplýsingum ekki vera í samræmi við lög nr. 90/2018 eða reglugerðir þar um getur hann lagt fram kvörtun til Persónuverndar (<https://www.personuvernd.is/>) sem annast eftirlit.

16. gr. Endurskoðun

Stefnan skal endurskoðuð árlega eða þegar tilefni gefst.

Allar breytingar verða birtar á vef sveitarfélagsins og taka gildi frá birtingu þeirra.

Persónuverndarstefna Bláskógabyggðar var samþykkt af sveitarstjórn þann 2. september 2026 og fellur eldri persónuverndarstefna frá 6. maí 2021 endurskoðuð 10. febrúar 2023 þá úr gildi.

Ásta Stefánsdóttir